

Dags. 8. janúar 2009

Stjórnvaldssekt vegna brots á 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. september 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Straum – Burðarás Fjárfestingabanka hf. vegna brots á 126. og 127. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki (Straumur) hefði brotið gegn 126. og 127. gr. vvl. með því að tilkynna ekki innan tilskilinna tímamarka um víðskipti með eigin bréf er þeir greiddu út arð til hluthafa í formi eigin bréfa föstudaginn 16. maí 2008. Tilkynning um víðskiptin barst Fjármálaeftirlitinu mánudaginn 19. maí 2008 kl. 10:20.

Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs til Fjármálaeftirlitsins þegar fruminnherji hefur tilkynnt honum um víðskipti með fjármálagerninga útgefandans. Samkvæmt 127. gr. vvl. (þ.e. eins og ákvæðið var orðað fyrir þá breytingu sem tók gildi þann 30. maí 2008 varðandi birtingu upplýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu) ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um víðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar. Í 2. mgr. 127. gr. vvl. er kveðið á um að sama eigi við um aðila fjárhagslega tengda stjórnendum, en útgefandi telst, eðli málsins samkvæmt, fjárhagslega tengdur stjórnendum sínum.

Fjármálaeftirlitið birti túlkun um tilkynningar vegna arðgreiðslna og kaupauka á grundvelli umræddra lagaákvæða á heimasíðu sinni þann 30. júní 2006. Í túlkuninni er áréttuð skylda útgefanda til að tilkynna um arðgreiðslur og kaupauka í formi eigin hluta á grundvelli fyrrnefndra lagaákvæða.

Í tilviki þessu var um að ræða arðgreiðslu til hluthafa í formi eigin bréfa sem ákveðin hafði verið á aðalfundi bankans þann 15. apríl 2008. Við greiðslu arðs í formi eigin bréfa skal útgefandi tilkynna og birta upplýsingar, í samræmi við nefnd lagaákvæði, um slíka tilfærslu hluta þegar þeir færast úr eign útgefandans og verða eign hluthafa þeirra sem arðgreiðslurnar hljóta enda er slík tilfærsla hluta milli aðila talin vera víðskipti óháð því með hvaða hætti hana ber að eða hvenær ákvörðun um hana var tekin. Eru slíkar upplýsingar nauðsynlegar markaðnum þegar sjálf tilfærslan á sér stað, þ.e. víðskiptin, og verður tilkynning um fyrirhugaða tilfærslu/víðskipti mánuði áður en framkvæmd þeirra á sér stað því ekki talin nægileg. Í máli þessu kom t.a.m. í ljós að breyting varð á þeim fjölda hluta sem greiddir voru út sem arður miðað þann fjölda hluta sem fyrirhugað var að greiða út sem arð samkvæmt þeirri ákvörðun sem tekin var þann 15. apríl 2008, en þeir hlutir sem greiddir voru út sem arður mánuði síðar urðu færri en til stóð þar sem Straumur beitti skuldajöfnuði gagnvart sumum hluthöfum sínum.

Framkvæmd víðskiptanna, þ.e. tilfærsla hlutanna, átti sér stað þann 16. maí 2008 og var um að ræða 3.703.328 hluti í bankanum í þeim víðskiptum sem til athugunar voru í máli þessu. Bankinn tilkynnti um víðskiptin rétt eftir opnun markaðar þann 19. maí 2008 og sinnti því ekki framangreindum skyldum sínum skv. nefndum ákvæðum.

Fjármálaeftirlitið bauð bankanum að ljúka málinu með sátt þann 9. júlí 2008 en hafnaði Straumur sáttinni.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, stjórnvaldssekta í sambærilegum málum og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000.

Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf. hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar stjórnvaldssektarákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Byggir málflutningur bankans á því að arðgreiðsla til hluthafa í formi eigin bréfa verði ekki talin til viðskipta skv. 126. og 127. gr. vvl. þar sem um hafi verið að ræða efndir á ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslur.